

að því er fjárhæðina varðar, eigi til þess rót sína að rekja. Og þar sem ekki verður litið svo á, að ábyrgðaryfirlýsingin, eins og frá henni var gengið, hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að hann fengi solidaríska ábyrgð fyrir hærri fjárhæðinni, sem tilgreind er í skjalinu, þykir rétt að ganga út frá því, að ábyrgðin hafi verið einstakleg eða að hluta (pro rata). Niðurstaða málsins verður því sú, að hver hinna stefndu verður dæmdur til að greiða kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Hlöðver Johnsen, Trausti Jónsson, Gísli Magnússon, Sigurður Gunnsteinsson, Guðlaugur Gíslason, Hrólfur Ingólfsson, Ólafur Á. Kristjánsson, Jóhannes Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, greiði stefnandanum, Guðmundi Hlíðdal f. h. Póst- og símamálastjórnarinnar, hver í sínu lagi kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. júní 1956.

Nr. 88/1956. **Árni Guðmundsson** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjörskrármál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. júní 1956 og krafizt þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum við alþingiskosningar 24. júní 1956 og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi átti lögheimili í Vestmannaeyjum, þá er hann fluttist á berklahæli 1947, og hefur hann verið sjúklingur á slíku hæli frá þeim tíma. Vist hans á heilsuhæli slitur eigi heimilisfesti hans í Vestmannaeyjum, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1947. Samkvæmt þessu á áfrýjandi lögheimili í Vestmannaeyjum, og ber því að taka kröfu hans til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 15. gr. laga nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð :

Stefnda, bæjarstjórn Vestmannaeyja, ber að taka nafn áfrýjanda, Árna Guðmundssonar, á kjörskrá þá, sem gildir við Alþingiskosningar 24. júní 1956.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. júní 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 80 frá 7. september 1942 af Árna Guðmundssyni frá Háeyri í Vestmannaeyjum með kæru, dags. 8. þ. m., gegn bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, og gerir hann þær réttarkröfur, að með dómi verði viðurkenndur réttur hans og konu hans til að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar var mætt í málinu og þær kröfur gerðar, að viðurkennt yrði með dómi, að sækjandi ætti ekki rétt til að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Sækjandi, Árni Guðmundsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 6. marz 1913 og ólst þar upp. Lauk hann kennaraprófi og var síðan skipaður kennari við barnaskólann í Vestmannaeyjum.

Starfaði hann jafnframt að bæjarmálefnum um skeið, var bæjarfulltrúi um nokkur ár, og á árunum 1946 til 1947 var hann forseti bæjarstjórnar. Haustið 1947 veiktist hann af berklum og fluttist á Vífilsstaðahælið. Hefur hann dvalið þar óslitið síðan, að því undanskildu, að um tíma var hann á Kristneshæli. Hann hefur ekki fengið bata og er sjúklingur enn. Fyrir mörgum árum giftist hann Ásu Torfadóttur, og áttu þau hjónin heima á Faxastíg 13, Vestmannaeyjum, er hann fluttist á hælið. Síðan fluttist konan með börnum þeirra hjóna heim til föður síns á Faxastíg 17. Í febrúar 1950 fluttist konan til Reykjavíkur til þess að geta fylgzt betur með líðan manns síns og hafði börn þeirra hjóna með sér. Hefur hún dvalið í Reykjavík síðan og verið þar á ýmsum stöðum. Eitt-hvað vann hún úti fyrstu árin, en ekki hin síðari. Á árinu 1954, að því er virðist, festi sækjandi kaup á íbúð á Miklubraut 78 í Reykjavík. Fluttist konan þar inn og býr þar nú með börnum sínum. Að sögn sækjanda taldi hann jafnan á manntali og skattafamtölum, að lögheimili þeirra hjóna væri í Vestmannaeyjum og á Faxastíg 17, eftir að konan fluttist til Reykjavíkur. Við síðustu alþingiskosningar, kosningar 1953, voru þau á kjörskrá í Vestmannaeyjum. Á árinu 1955 seldi faðir konunnar húseign sína, Faxastíg 17, og fluttist burt úr Vestmannaeyjum, en nýtt fólk, sækjanda óviðkomandi, fluttist inn í húsið. Þrátt fyrir þetta tilkynnti sækjandi ekki breytingar á heimilisfangi sínu í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði frá Hagstofunni eru bæði hjónin í þjóðskrá skráð til heimilis á Miklubraut 78 í Reykjavík, og samkvæmt gögnum, sem sýnd voru við flutning málsins, taldi Hagstofan þau burtflutt ásamt börnum sínum úr Vestmannaeyjum til Reykjavíkur á árinu 1955. Að sögn sækjanda voru þessar skráningar Hagstofunnar ekki byggðar á tilkynningum, sem frá þeim hjónum voru runnar. Þrátt fyrir umrædda skráningu í þjóðskrá, tók manntalsskrifstofan í Reykjavík þau hjónin ekki á kjörskrá í Reykjavík, og að því er talið er, vegna þess að engin flutningstilkynning hafði borizt frá þeim. Þau hjónin voru ekki heldur tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum, og eins og nú standa sakir, eru þau hvergi á kjörskrá. Fóru þau hjónin því fram á, að þau yrðu tekin inn á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en bæjarstjórn synjaði þeirri beiðni á fundi hinn 7. þ. m., og féllu atkvæði þannig, að 2 bæjarfulltrúar voru með beiðninni, en 4 á móti. Sækjandi hefur ekki viljað una þessum málalokum og hefur því höfðað mál þetta. Jafnframt hefur hann óskað eftir, að heimilisfang þeirra hjóna verði talið á Vesturveg 11 eða Háeyri, hér, hjá föður sækjanda, og hefur faðirinn lýst því yfir skriflega, að hann væri því sam-

þykkur, að heimilisfang þeirra yrði skráð þar, og tilkynnt þetta manntalsskrifstofunni í Vestmannaeyjum.

Á því leikur ekki vafi, að sækjandi fullnægir öllum kosningar-
réttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar og á
rétt til að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns. Hitt er
ágreiningur um, hvar hann skuli neyta atkvæðisréttar síns, og
fer það eftir því, hvar heimilisfang hans skuli talið. Sækjandi
átti heimilisfang í Vestmannaeyjum, er hann fluttist á Vífilsstaða-
hælið, og heimilisfesti hans rofnaði ekki við flutning þangað né
dvöl hans þar, enda hefur hann jafnan óskað eftir, að lögheimili
sitt yrði talið hér. Hins vegar hefur kona hans og börn dvalið í
mörg ár í Reykjavík og búa þar nú í íbúð, sem sækjandi er eig-
andi að. Þessi tengsl þeirra hjóna við Reykjavíkurbæ virðast leiða
til þess, að það er ekki lengur á þeirra valdi að ákveða heimilis-
fang sitt annars staðar. Verður því ekki fallt á, að þau hjón eigi
nú heimilisfang í Vestmannaeyjum eða hafi átt heimilisfesti þar,
er kjörskrá var samin. Samkvæmt þessu verður krafa sækjanda
málsins ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Sækjandi, Árni Guðmundsson, skal ekki tekinn á kjörskrá
í Vestmannaeyjum.

Miðvikudaginn 20. júní 1956.

Nr. 89/1956. **Ása Torfadóttir** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjörskrármál.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vest-
mannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með